Alvotech birtir árshlutauppgjör fyrstu níu mánaða ársins 2026

REYKJAVÍK (11. NÓVEMBER 2026) Alvotech (NASDAQ: ALVO, ALVO-SDB) birtir í dag uppgjör fyrstu níu mánaða ársins 2026. Stjórnendur félagsins kynna uppgjörið á fundi sem sendur verður út í beinu streymi og hefst kl. 13, fimmtudaginn 12. nóvember nk. Nánari upplýsingar, glærukynningu og skráningarsíðu fyrir uppgjörsfundinn er að finna á vefsíðu félagsins: https://www.alvotech.com/is/financials.

Helstu niðurstöður árshlutareiknings fyrstu níu mánaða ársins [1]

- Aðlagaðar heildartekjur[1] voru 323,4 milljónir dollara, en 420,0 milljónir dollara á sama tímabili í fyrra.
- Framlegð af heildartekjum[1] var 54%, en 59% á sama tímabili í fyrra.
- Aðlöguð EBITDA[1] (rekstrarhagnaður fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði) nam 78,3 milljónum dollara, en 68,0 milljónum dollara á sama tímabili í fyrra.
- Sjóðsstaða í lok tímabilsins var 61,5 milljónir dollara, en 172,4 milljónir dollara í árslok 2025.

Milljónir dollara[1]	9M 2026	9M 2025	Milli ára	3F 2026	3F 2025	Milli ára
Vöru- og þjónustutekjur	164,2	237,4	-30,8%	58,2	32,6	78,3%
Leyfistekjur	158,9	182,4	-12,9%	53,2	81,1	-34,4%
Aðrar tekjur	0,4	0,3	45,2%	0,2	0,1	39,8%
Heildartekjur	**323,4**	**420,0**	-23,0%	**111,6**	**113,9**	-2,0%
Framlegð af heildartekjum	**54%**	**59%**		**54%**	**69%**	
EBITDA	**78,3**	**68,0**	15,1%	**31,5**	**14,4**	118,8%

Helstu áfangar í rekstrinum

- Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna (FDA) tók til afgreiðslu umsókn Alvotech um markaðsleyfi í Bandaríkjunum fyrir AVT80, hliðstæðu við Entyvio (vedolizumab) í áfylltri sprautu og lyfjapenna. Teva hefur tryggt sér réttindin til markaðssetningar hliðstæðunnar í Bandaríkjunum.
- Alvotech og Advanz Pharma, lögðu inn til afgreiðslu hjá Evrópsku lyfjastofnuninni fyrstu umsókn um markaðsleyfi í heiminum fyrir hliðstæðu við Eylea HD (aflibercept 8 mg). Advanz Pharma markaðssetur þegar hliðstæðu Alvotech við Eylea (aflibercept 2 mg) í Evrópu undir heitinu Mynzepli.
- Alvotech samdi við Lotus Pharmaceuticals um réttinn til markaðssetningar í Bandaríkjunum og á völdum mörkuðum í Asíu á AVT34, hliðstæðu við Imfinzi (durvalumab), og AVT87, hliðstæðu við Hemlibra (emicizumab). Alvotech heldur eftir réttinum til að markaðssetja bæði lyfin millilíðalaust í Bandaríkjunum samhliða Lotus.
- Alvotech og LOTTE Biologics gerðu með sér samning um að LOTTE Biologics muni framleiða virk lyfjaefni fyrir Alvotech í verksmiðju sinni í Syracuse í New York-ríki. Með samningnum eykur

[1] Tölurnar sýna tekjur, hagnað eða tap tímabilsins að teknu tilliti til einskipti- og óreglulegra liða. Nánari upplýsingar er að finna í töflunni, *'Reported to Adjusted Reconciliation'* í lok tilkynningarinnar, þar sem einnig er að finna árshlutareikninginn.

Alvotech framleiðslugetu sína enn frekar á heimsvísu og getur brugðist hraðar við aukinni eftirspurn á alþjóðlegum mörkuðum.

- FDA samþykkti nýtt framleiðsluferli fyrir Simlandi, hliðstæðu Alvotech við Humira, í lyfjaverksmiðjunni í Vatnsmýri. Nýja aðferðin tvöfaldar það magn virka lyfjaefnisins sem fæst úr hverri framleiðslulotu.
- FDA samþykkti einnig viðauka við markaðsleyfi á Bandaríkjamarkaði fyrir hliðstæðu Alvotech við líftæknilyfið Humira. Samþykki FDA gerir Alvotech kleift að framleiða virka lyfjaefnið í hliðstæðuna fyrir Bandaríkjamarkað í báðum framleiðslueiningum verksmiðjunnar í Reykjavík.

Ummæli Lisu Graver, forstjóra Alvotech:

„Afkoma félagsins styrktist á þriðja fjórðungi ársins. Vöru- og þjónustutekjur námu 58 milljónum dala sem er 6% aukning frá fyrri ársfjórðungi og 78% aukning milli ára. Að loknum úrbótum á framleiðsluaðstöðunni um mitt árið höfum við haldið áfram að auka framleiðsluna til að mæta sterkri eftirspurn á öllum mörkuðum sem við þjónum.“

„Nýleg samþykki Matvæla- og lyfjastofnunar Bandaríkjanna (FDA) á breyttri aðferð til að framleiða hliðstæðuna við Humira, sem meira en tvöfaldar afköst í hverri lotu og framleiðslu hliðstæðunnar í báðum einingum lyfjaverksmiðjunnar í Vatnsmýri, auka framleiðsluafköst félagsins til muna.“

„Við náðum einnig mikilvægum áföngum í lyfjaþróun. Umsóknir um markaðsleyfi fyrir hliðstæður við Entyvio og Eylea í háum styrk hafa verið teknar til afgreiðslu hjá lyfjayfirvöldum. Samningurinn við Lotus gerir Alvotech kleift að taka beinan þátt í sölu í Bandaríkjunum og samstarf við LOTTE Biologics og Fujifilm styrkir aðfangakeðju félagsins enn frekar. Forgangsverkefnið er að nýta þennan vaxandi meðbyr til að afgreiða fyrirliggjandi pantanir á fjórða ársfjórðungi og leggja áfram grunn að frekari vexti.“

Afkomuspá fyrir árið í heild

Afkomuspáin gerir enn ráð fyrir að heildartekjur á árinu geti verið á bilinu 650–700 milljónir dala og EBITDA á bilinu 180–220 milljónir dala, en félagið býst frekar við að niðurstaðan verði nær neðri mörkum í tekjum og EBITDA. Félagið leggur megináherslu á að halda áfram að auka framleiðslu, eftir að úrbótum á framleiðsluaðstöðunni lauk um mitt þetta ár og afgreiða lyf upp í fyrirliggjandi pantanir á fjórða ársfjórðungi.

Boð á kynningu á árshlutauppgjörinu

Stjórnendur félagsins kynna uppgjörið á fundi sem sendur verður út í beinu streymi og hefst kl. 13 fimmtudaginn 12. nóvember nk.

Til þess að hlusta á beint streymi af fundinum:
https://edge.media-server.com/mmc/p/xog3u2xy/

Til þess að hlusta eða leggja fram spurningu úr síma (hverjum þátttakanda er úthlutað PIN):
https://register-conf.media-server.com/register/Blc6f9e20f129b4e789c7bc1a732488c5c

Kynningarglærur fyrir fundinn og önnur gögn er að finna undir liðnum 2026 Q3 á slóðinni:
https://alvotech.com/is/financials

Nánari upplýsingar

Fyrir fjölmiðla – alvotech.media@alvotech.com
Benedikt Stefansson
Sarah MacLeod

Fyrir fjárfesta - alvotech.ir@alvotech.com
Benedikt Stefansson
Dr. Balaji V Prasad
Mikaela Vilchez

Fjárhagsdagatal

Uppgjör eftir hvern ársfjórðung er birt eins og sjá má í töflunni, eftir lokun markaða í Bandaríkjunum. Uppgjörsfundur fer fram næsta dag. Dagatalið er birt með fyrirvara um mögulegar breytingar.

Ársfjórðungur	Birting uppgjörs	Uppgjörsfundur
4F 2026	10. mars 2027	11. mars 2027

Ráðstefnudagatal

Stjórnendur félagsins munu taka þátt og kynna félagið á nokkrum fjárfestaráðstefnum í nóvember. Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu félagsins https://alvotech.com/is/events. Dagatalið er birt með fyrirvara um mögulegar breytingar.

Dagsetning	Ráðstefna	Staðsetning
Þriðjudagur 17. nóvember 2026	UBS Global Biopharma Conference	London
Miðvikudagur 18. nóvember 2026	Jefferies Global Healthcare Conference	London
Þriðjudagur 24. nóvember 2026	DNB Carnegie Healthcare Conference	Osló
Miðvikudagur 25. nóvember 2026	SEB Healthcare Seminar	Stokkhólmur

Um Alvotech

Alvotech er líftæknifyrirtæki stofnað af Róberti Wessman sem einbeitir sér að þróun og framleiðslu líftæknihliðstæðulyfja fyrir sjúklinga um allan heim. Alvotech stefnir að því að verða leiðandi á sviði líftæknihliðstæðulyfja. Til að tryggja hámarksgæði eru allir þróunar- og framleiðsluþættir í höndum fyrirtækisins. Alvotech hefur sett fimm hliðstæður á alþjóðlegan markað. Þá vinnur félagið meðal annars að þróun líftæknilyfjahliðstæða sem nýst geta sjúklingum með krabbamein, sjálfsofnæmis-, augn- og blóðsjúkdóma. Alvotech hefur gert samninga um sölu, markaðssetningu og dreifingu við samstarfsaðila á öllum helstu mörkuðum, í Bandaríkjunum, Evrópu, Japan, Kína, öðrum hlutum Asíu, Rómönsku Ameríku, Afríku og Mið-Austurlöndum.

Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu Alvotech https://alvotech.is. Þá má fylgjast með Alvotech á samfélagsmiðlunum LinkedIn, Facebook, Instagram, og YouTube.

Reported to Adjusted Reconciliation for the nine months ended 30 September 2026 and 2025

	2026 9M			2025 9M		
USD millions	**Reported**	**Adjustment**	**Adjusted**	**Reported**	**Adjustment**	**Adjusted**
Product and Service Revenue	164.2	-	164.2	237.4	-	237.4
License and Other Revenue	158.9	-	158.9	182.4	0.3	182.6
Other Income	0.4	-	0.4	0.3	(0.3)	-
Total revenue	**323.4**	**-**	**323.4**	**420.0**	**-**	**420.0**
Cost of Product Revenue	(150.1)	1.1	(149.0)	(174.3)	1.4	(172.9)
R&D	(63.6)	(0.5)	(64.1)	(144.5)	(7.6)	(152.1)
G&A	(98.9)	35.0	(63.9)	(71.3)	16.8	(54.5)
Operating Profit (Loss)	**10.8**	**35.6**	**46.3**	**30.0**	**10.7**	**40.6**
D&A	(32.0)	-	(32.0)	(27.4)	0.0	(27.4)
EBITDA	**42.8**	**35.6**	**78.3**	**57.4**	**10.7**	**68.0**

Reported to Adjusted Reconciliation for the quarters ended 30 September 2026 and 2025

	2026 3Q			2025 3Q		
USD millions	**Reported**	**Adjustment**	**Adjusted**	**Reported**	**Adjustment**	**Adjusted**
Product and Service Revenue	58.2	-	58.2	32.6	-	32.6
License and Other Revenue	53.2	-	53.2	81.1	-	81.1
Other Income	0.2	-	0.2	0.1	-	0.1
Total revenue	**111.6**	**-**	**111.6**	**113.9**	**-**	**113.9**
Cost of Product Revenue	(51.8)	0.2	(51.6)	(35.0)	0.1	(34.9)
R&D	(17.2)	0.2	(17.0)	(51.6)	(3.5)	(55.1)
G&A	(29.7)	6.9	(22.8)	(25.9)	6.2	(19.8)
Operating Profit (Loss)	**12.8**	**7.3**	**20.1**	**1.3**	**2.8**	**4.1**
D&A	(11.4)	-	(11.4)	(10.3)	0.0	(10.3)
EBITDA	**24.2**	**7.3**	**31.5**	**11.6**	**2.8**	**14.4**

Unaudited Condensed Consolidated Interim Statements of Profit or Loss and Other Comprehensive Income or Loss for the nine months ended 30 September 2026 and 2025

USD in thousands, except for per share amounts	Nine months ended 30 September 2026	Nine months ended 30 September 2025
Product and service revenue	164,152	237,382
License and other revenue	158,883	182,366
Other income	379	261
Cost of product and service revenue	(150,103)	(174,278)
Research and development expenses	(63,613)	(144,508)
General and administrative expenses	(98,919)	(71,271)
Operating profit	10,779	29,952
Effects resulting from business combination	—	7,977
Finance income	8,980	170,687
Finance costs	(168,684)	(108,449)
Exchange rate differences	(5,280)	(21,226)
Net gain on modification and extinguishment of financial liabilities	—	17,703
Non-operating (loss) / profit	(164,984)	66,692
(Loss) / profit before taxes	(154,205)	96,644
Income tax benefit	13,546	39,822
(Loss) / profit for the period	(140,659)	136,466
Other comprehensive (loss) / profit		
Item that will be reclassified to profit or loss in subsequent periods:		
Exchange rate differences on translation of foreign operations	(2,794)	3,310
Total comprehensive (loss) /profit	(143,453)	139,776
(Loss) / profit per share		
Basic (loss) / profit for the period per share	(0.45)	0.47
Diluted (loss) / profit for the period per share	(0.45)	0.47

Unaudited Condensed Consolidated Interim Statements of Financial Position as of 30 September 2026 and 31 December 2025

USD in thousands

Non-current assets	**30 September 2026**	**31 December 2025**
Property, plant and equipment	367,141	356,398
Right-of-use assets	145,349	138,294
Goodwill	12,377	12,835
Other intangible assets	174,340	81,834
Contract assets	177,885	122,934
Other long-term assets	18,200	8,578
Deferred tax assets	208,038	192,211
Total non-current assets	1,103,330	913,084
Current assets		
Inventories	242,252	220,054
Trade receivables	65,179	69,740
Contract assets	54,978	64,440
Other current assets	83,584	46,984
Receivables from related parties	5,252	438
Cash and cash equivalents	61,468	172,359
Total current assets	512,713	574,015
Total assets	1,616,043	1,487,099

Unaudited Condensed Consolidated Interim Statements of Financial Position as of 30 September 2026 and 31 December 2025

USD in thousands

Equity	30 September 2026	31 December 2025
Share capital	3,380	2,929
Share premium	2,269,996	2,105,691
Other reserves	11,248	15,331
Translation reserve	(1,442)	1,352
Accumulated deficit	(2,550,449)	(2,409,790)
Total equity	(267,267)	(284,487)
Non-current liabilities		
Borrowings	1,341,286	1,262,147
Derivative financial liabilities	90,540	53,994
Lease liabilities	151,559	137,999
Contract liabilities	4,184	5,500
Deferred tax liability	7,943	7,868
Total non-current liabilities	1,595,512	1,467,508
Current liabilities		
Trade and other payables	90,214	126,124
Lease liabilities	12,969	12,078
Current maturities of borrowings	54,967	36,921
Liabilities to related parties	3,368	3,325
Contract liabilities	3,742	30,364
Taxes payable	2,014	1,041
Other current liabilities	120,524	94,225
Total current liabilities	287,798	304,078
Total liabilities	1,883,310	1,771,586
Total equity and liabilities	1,616,043	1,487,099

Unaudited Condensed Consolidated Interim Statements of Cash Flows for the nine months ended 30 September 2026 and 2025

USD in thousands

Cash flows from operating activities	**Nine months ended 30 September 2026**	**Nine months ended 30 September 2025**
(Loss) / profit for the period	(140,659)	136,466
Adjustments for non-cash items:		
Depreciation, amortization and impairment	31,976	27,438
Effects resulting from business combination	—	(7,977)
Change in allowance for receivables	569	703
Change in inventory reserves	5,707	8,713
Share-based payments	7,094	6,166
Change in commercial provision	20,200	—
Net gain on modification and extinguishment of financial liabilities	—	(17,703)
Finance income	(8,980)	(170,687)
Finance costs	168,684	108,449
Exchange rate difference	5,280	21,226
Income tax benefit	(13,546)	(39,822)
Operating cash flow before movement in working capital	76,325	72,972
Increase in inventories	(27,905)	(85,871)
Decrease in trade receivables	3,992	100,235
Increase in receivables with related parties	(4,814)	(882)
Increase in contract assets	(46,649)	(29,333)
Increase in other assets	(37,673)	(8,169)
(Decrease) / increase in trade and other payables	(35,446)	25,092
Decrease in contract liabilities	(27,324)	(49,694)
Increase / (decrease) in liabilities with related parties	43	(1,205)
Increase in other liabilities	2,840	12,070
Cash (used in) / from operations	(96,611)	35,215
Interest received	806	294
Interest paid	(109,061)	(22,338)
Income tax paid	(746)	(455)
Net cash (used in) / from operating activities	(205,612)	12,716

Unaudited Condensed Consolidated Interim Statements of Cash Flows for the nine months ended 30 September in 2026 and 2025

USD in thousands	Nine months ended 30 September 2026	Nine months ended 30 September 2025
Cash flows from investing activities		
Acquisition of property, plant and equipment	(40,357)	(55,731)
Acquisition of intangible assets	(88,164)	(24,632)
Net cash outflow on acquisition of subsidiary	—	(14,036)
Proceeds from the sale in joint venture	—	5,950
Net cash used in investing activities	(128,521)	(88,449)
Cash flows from financing activities		
Repayments of borrowings	(33,585)	(18,402)
Repayments of principal portion of lease liabilities	(9,274)	(8,285)
Proceeds from new borrowings	113,676	12,028
Transaction cost from new borrowings	(2,811)	—
Gross proceeds from equity offering	164,600	82,481
Fees from equity offering	(8,521)	(3,759)
Net cash from financing activities	224,085	64,063
Decrease in cash and cash equivalents	(110,048)	(11,670)
Cash and cash equivalents at the beginning of the period	172,359	51,428
Effect of movements in exchange rates on cash held	(843)	3,090
Cash and cash equivalents at the end of the period	61,468	42,848